

Lög

um breytingu á lögum nr. 90/2008, um leikskóla, og lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

Breyting á lögum nr. 90/2008, um leikskóla.

1. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Breyting á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

2. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 24. mars 2009.